Skógarvörður umdæmisins:

Ísleifur Sumarliðason.

# STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ

# 1956.

NORÐURLANDSUMDÆMI:

Vaglir í Fnjóskadal.

Síðari hluti vetrar var snjóléttur. Vinna við skógarhögg hófst í byrjun marz. Sumarið var mjög kalt og næturfrost í júní, júlí og ágúst. Frá 23. ágúst til mánaðamóta voru oftast næturfrost. Komst það upp í átta stig, niður við Brúarlund, 28. ágúst. Í gróðrarstöðinni reyndist það sex og hálft stig, en um fimm á Vöglum. Haustið var sæmilegt og fyrri hluti vetrar mjög snjóléttur.- Brum fór að þrútna viku af maí, en ekki varð skógurinn allaufgaður fyrr en um mánaðamót. Í lok ágúst fór skógurinn að sölna og lauflaus var hann að mestu um miðjan september. Vöxtur skógar var með minnsta móti. Fræfalla var mjög mikið og var safnað [illegible] kg. af birkifræi. Birkimaðks varð nokkuð vart um sunnanverðan skóginn.- Fimm stúlkur voru fastráðnar í gróðrarstöðinni, auk ráðskonu. Karlar voru fjórir, auk verkstjórans, Brynjars Skarphéðinssonar.

GIRÐINGAR? FRIÐUN OG VIÐHALD GIRÐINGA:

Engar nýjar girðingar voru settar upp á árinu.- Viðhaldskostnaður varð þessi:

| | | |
|---|---|---|
| Vaglagirðing.................. | kr. | 5.782.8o |
| Sigríðarstaðagirðing........... | - | 2.399.27 |
| Þórðarstaðagirðing............ | - | 7.o93.48 |
| Sandhaugagirðing.............. | - | 5.991.68 |
| Fossselsgirðing............... | - | 775.1o |
| Garðsgirðing.................. | - | 387.5o |
| Mela-og Stórhöfðagirðing...... | - | 3.735.36 |
| | | Kr.26.165.19 |

Í Vaglagirðinguna var bætt 65 birkistaurum að sunnan. Þar var einnig hlaðið undir girðinguna á þrem stöðum, þar sem snjóþyngsli voru mest. Varð að nota þar handverkfæri sökum bleytu. Að norðan var ýtt upp garði á löngum parti, þar sem girðingin stendur verst. Er ætlunin að færa girðinguna á garðinn í vor. Með í viðhaldskostnaði Vaglagirðingarinnar er talin undirhleðsla, þ. e. s. s. vinnulaun verkamanna og ýtustjóra. Einnig er viðhald girðingarinnar um gróðrarstöðina, talið með, en sú girðing var afar illa farin.- Sigríðarstaðagirðingin var mjög endurbætt að sunnan. Var girðingin tekin upp á 5oo m. kafla og sett nýtt vírnet, en það sem var fyrir, var orðið ónothæft. Auk netsins fóru í girðinguna þrjár rúllur gaddavír, 35 staurar og 2o millistaurar, allir úr járni.- Þórðarstaðagirðingin var talsvert endurbætt, tekin upp og strengd, aðallega að norðan. 15o birkistaurum var bætt í girðinguna, auk um 1oo járnstaura, sem farið var með á fjallið.- Í Sandhaugagirðinguna var bætt 5o birkistaurum. Með í viðhaldskostnaði eru taldar kr. 2.000.oo, sem eru umsjónarlaun Sigurðar Eiríkssonar.- Í girðinguna um

öspina hjá Garði var bætt 15 girðingastaurum og hlaðið undir girðinguna á tveim stöðum, þar sem snjór sleit girðinguna jafnan niður.- Í Mela- og Stórhöfðagirðinguna var bætt 6o birkistaurum. Með í viðhaldskostnaði er talin smölun innan girðingarinnar, svo og í landi Skuggabjarga.

## SKÓGARHÖGG, GRISJUN OG KOLAGERÐ:

SKÓGARHÖGG: Á árinu var höggvið:

| | Eldiv. kg. | Efniv. m3 | Arinv. kg. | Staurar stk. | Renglur stk. | Viðarm. Hestb. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Vaglaskógur | 111.ooo | 3.5oo | 7.785 | 3.412 | 1.o9o | 1428 |
| Þórðarstaðask. | 11.ooo | | | 225 | 15o | 125 |
| Sigríðarst.sk. | 9.ooo | | | 75 | 75 | 96 |
| Stórhöfðaskógur | 4.ooo | | | 5o | 25 | 43 |
| | 135.ooo | 3.5oo | 7.785 | 3.762 | 1.34o | 1692 |

Alls voru söguð 39 tonn viðar. Voru 11 tonn söguð fyrir Brúarlund og Furuvelli, 2o tonn seld sem reykviður og svo arinviður, svo sem að ofan getur.- Grisjaðir voru reitirnir nr. 312, 4o4, 5o1, 5o4 upp á brekkubrúnir, ofan af furunum í 4o2, 4o6, 4o7, 4o8 og reitirnir nr. 5o5, 5o9, 51o, 511, 514, 515, 516 og 327. Þá var grisjaður efsti hluti reitsins nr. 325, en þar vex fallegur ungskógur. Auk þess ruddur skógur, vegna stækkunar gróðrarstöðvarinnar, í nr. 2o8 og 2o9 ruddir 666o m2 og í nr. 2o3 ruddir 31oo m2.- Alls voru viðarbirgðir áætlaðar í árslok 37 tonn eldiviðar, 12oo staurar og 4oo renglur.

## GRÆÐIREITUR:

Vinna við gróðrarstöðina hófst 5. maí og upptaka plantna tveim dögum síðar. Vinna lág að mestu niðri 15. - 21. maí vegna snjókomu og kulda. Dreifsetning hófst 22. maí og var lokið 23. júní. Sáning hófst 31. maí og var lokið 2o. júní.- Gróðrarstöðin var stækkuð sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Á Blómsturvöllum | | 1ooo m2 | |
| Kumblareitur | I. | 45oo - | ( í reit 2o8 og 2o9.) |
| " | II. | 155o - | ( " " " ) |
| " | III. | 16oo - | ( í reit 2o3.) |
| " | IV. | 15oo - | ( " " ) |
| | | 1o15o m2 | |

Jarðýta skógræktarinnar vann 141 stundir við stækkunina. Allir reitirnir voru plægðir og hreinsaðar burt allar rætur. Síðan var farið yfir reitina tvisvar með Fordson tætara. Er þegar búið að bera í Kumblareit I húsdýraáburð, kalí og fosforsýru og tæta vel. Ekið var 38 bílhlössum af sandi og 21 af mómold í Kumblareit I og II. Ekið var 8o tonnum af húsdýraáburði í gróðrarstöðina. Þar af voru notuð 3o tonn s. l. vor.-

Allmiklar frostskemdir urðu á tveggja ára sáðplöntum. Fyrst skemmdi lítið eitt 3. júní, en mestu skemdirnar urðu þó 28. ágúst. Sá mest á sitkagreni, Cordova, brodd- og blágreni, Colorado og bastarði sitka. x hvítgr. Lawing. Ekki sáust frostskemmdir á furutegundunum. Byggð var vatnsþró 6.2x7.ox3.o m, utanmál, veggir 25 cm. Er vatnsþróin við veginn upp í Vagli, en þar var nærtækt byggingarefni og halli góður niður að gróðrarstöðinni.- Kostnaður við dreifsetningu varð 6. 8 aurar á plöntu en við sáningu 7. 98 pr. m2.- Vanhöld við dreifsetningu urðu 8%, eru græðlingar þá ekki meðtaldir. Sáning tókst vel þrátt fyrir óhagstætt tíðarfar. Gler var haft yfir sáðplöntum, öðrum en birki, skógarfuru og lerki.- Dreifsettar voru 4ooo lerkiplöntur 1/o, dagana 11.- 14. ágúst. Virtist tilraunin takast vel.

SÁNING Í GRÆÐIREITINN:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Birki | 11.ooo | kg b | 35o | m2 | ( Bæjarstaður.) |
| Birki | 1.ooo | - | 2o | - | ( Vaglir.) |
| Sitkagreni | 2.ooo | - | 84 | - | ( Cordova.) |
| Rauðgreni | 6.o5o | - | 222 | - | ( N-Helgeland.) |
| Lerki | 4oo | - | 9 | - | ( Yarensk, Arkangelsk.) |
| Lerki | 1.35o | - | 32 | - | ( Amaga Yakutsk.) |
| Brodd- og Blágr. | 3.ooo | - | 194 | - | ( Sapinero.) |
| Hvítþinur | 1.ooo | - | 16.5 | - | ( Sapinero.) |
| Fjallaþinur | 3.ooo | - | 42. | - | ( Sapinero.) |
| Fjallaþinur | 4oo | - | 2 | - | ( Bolean Lake.) |
| Balsamþinur | 6oo | - | 6 | - | ( Valcartier, Quibeck.) |
| Balsamþinur | 6oo | - | 6 | - | ( Salmonier, Newfoundl.) |
| Balsamþinur | 6oo | - | 6 | - | ( Bonna Bay.) |
| Kontortafura | 5oo | - | 18 | - | ( Skagway.) |
| Sembrafura | 3.ooo | - | 9 | - | ( Tashtip-rayon, Hakassk.) |
| Sembrafura | 5oo | - | oo55 | | ( Finnland.) |
| Skógarfura | 4.ooo | - | 128 | - | ( W 5o-1oo-47.) |
| Fjallaþöll | 3oo | - | 12 | - | ( Lawing.) |
| Sedrusviður | 5o | - | 2 | - | ( Approximately.) |
| Álmur | 1.ooo | - | 8 | - | ( Svíþjóð.) |
| Elri | 3o | - | 2 | - | ( Finnland.) |
| | 4o.38o | kg. | 1169 | m2 | |

DREIFPLÖNTUN: Græðlingar.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Alaskaösp | 1ooo | stk. | ( Tumastaðir.) |
| Gulvíðir | 35oo | - | ( Vaglir.) |
| Þingvíðir | 2ooo | - | ( Hallormsstaður.) |
| Heggur | 6oo | - | ( Akureyri.) |
| Ribs | 5oo | - | ( Hallormsstaður.) |
| Viðja | 1oo | - | ( Fossvogur.) |
| | 77oo | stk. | |

DREIFPLÖNTUN:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Birki | 3/o | 32.3oo stk. | ( Bæjarstaður.) |
| Rauðgreni | 2/o | 19.2oo - | ( Rana.) |
| Rauðgreni | 3/o | 93.ooo - | ( Drevja, Vefsen.) |
| Rauðgreni | 2/2 | 9.1oo - | ( Snäsa.) |
| Blágreni | 3/o | 5.ooo - | ( Sapinero.) |
| Engelmansgreni | 3/2 | 54o - | ( Colorado.) |
| Sitka. x hvítgr. | 3/o | 5.6oo - | ( Lawing.) |
| Sitkagreni | 3/o | 35o - | ( Seward.) |
| Sitkagreni | 3/2 | 82o - | ( Seward.) |
| Sitkagreni | 3/2 | 83o - | ( Snow river bridge.) |
| Hvítgreni | 2/2 | 1.8oo - | ( Northway.) |
| Hvítgreni | 2/2 | 3.28o - | ( Moose Pass.) |
| Hvítgreni | 2/2 | 2.5oo - | ( Mac Grath.) |
| Svartgreni | 3/o | 38 - | ( Buffalo Center.) |
| Svartgreni | 4/o | 37 - | ( Richardson Hwy.) |
| Lerki | 1/o | 4.ooo - | ( Askis, Krasnojar.) |
| Lerki | 2/o | 2o.ooo - | ( Altai-Chebalinsky.) |
| Lerki | 3/o | 17 - | ( Richardson Hwy.) |
| Bergfura | 3/o | 6.5oo - | ( Pyreneafjöll A 1o77.) |
| Kontortafura | 2/o | 8.8oo - | ( Skagway.) |
| Skógarfura | 3/o | 132.5oo - | ( Dalir.) |
| Skógarfura | 3/o | 85.8oo - | ( Sjomen.) |
| Fjallaþöll | 4/o | 273 - | ( Tin can creek.) |
| Fjallaþöll | 3/2 | 1.4oo - | ( MacLeod.) |
| Álmur | 2/o | 2.7oo - | ( Noregur.) |
| | | 436.425 stk. | |
| Græðlingar | | 7.7oo - | |
| | Samtals | 444.125 stk. | |

SELDAR OG AFHENTAR PLÖNTUR:

| | | |
|---|---|---|
| Birki | | 42.8oo stk. |
| Gulvíðir | | 54o - |
| Lerki | | 1.94o - |
| Skógarfura | | 13o.2oo - |
| Rauðgreni | | 28.5oo - |
| Blágreni | | 4.4oo - |
| Hvítgreni | | 9.o3o - |
| Sitkagreni | | 3.8oo - |
| | Samtals | 22o.21o stk. |

PLÖNTUR TIL DREIFSETNINGAR 1957: ( Áætlað.)

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Siberiskt lerki | 1/o | 100.000 | stk. | ( Amaga Yakutsk.) |
| Rússalerki | 2/o | 40.000 | - | ( Úralfjöll,Karpinsk.) |
| Siberiskt lerki | - | 25.000 | - | ( Aksis, Krasnojar.) |
| Sitka.x Hvítgr. | - | 50.000 | - | ( Lawing.) |
| Hvítþinur | - | 2.000 | - | ( Sapinero, Col.) |
| Brodd- og Blágr. | - | 70.000 | - | ( Sapinero.) |
| Sitkagreni | - | 60.000 | - | ( Cordova.) |
| Gráfura | - | 13.000 | - | ( Salida Col.) |
| Skógarfura | - | 20.000 | - | ( Troms strönd.) |
| Birki | - | 11.000 | - | ( Bæjarst.-Hallormsst) |
| Rauðgreni | 3/o | 90.000 | - | ( Rana.) |
| Kontortafura | - | 60.000 | - | ( Skagway.) |
| Skógarfura | - | 40.000 | - | ( Dalir.) |
| Skógarfura | - | 9.000 | - | ( S.-Salten.) |
| Græðlingar | | 10.000 | - | |
| | Samtals | 600.000 | stk. | |

PLÖNTUR TIL SÖLU OG AFHENDINGAR VORIÐ 1957:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Birki | 2/2 | 18.000 | stk. | ( Bæjarstaður.) |
| Reynir | - | 300 | - | ( Skriðustofn.) |
| Skógarfura | 3/o | 20.000 | - | ( Troms, Dalir.) |
| Skógarfura | - | 18.000 | - | ( S.-Salten.) |
| Skógarfura | 3/2 & 2/2 | 33.000 | - | ( Sjomen.) |
| Skógarfura | - - | 47.000 | - | ( Troms, Dalir.) |
| Rauðgreni | 2/3 | 10.000 | - | ( Snåsa.) |
| | Samtals | 146.300 | stk. | |

GRÓÐURSETNING OG SÁNING:

| | Tegund. | Aldur. | Uppruni. | Reitur. | Plöntufj. |
|---|---|---|---|---|---|
| Vaglaskógur | Skógarfura | 3/o | Dalir, | 411 | 9345 |
| " | Hvítgreni | 2/2 | Moose Pass, | 405 | 5000 |
| " | Rauðgreni | 2/2/2 | Rana, | 509 | 2825 |
| " | Rauðgreni | 2/2 | Snåsa, | 321 | 1000 |
| " | Lerki | 2/2 | Larch Flats, | 319 | 23 |
| Þórðarst.sk. | Skógarfura | 3/o | Dalir, | | 5000 |
| " | Rauðgreni | 2/2 | Snåsa, | | 2000 |
| Sandhaugar | Skógarfura | 3/o | Dalir, | | 3200 |
| " | Rauðgreni | 2/2 | Snåsa, | | 1775 |
| " | Sitkagreni | 3/2 | Snow river bridge, | | 200 |
| " | Blágreni | 2/2 | Colorado, | | 975 |
| | | | | Samtals | 32343 stk. |

Gróðursetning hófst 22. maí og var lokið 14. júní. Á Þórðarstöðum var rauðgrenið sett neðan Yztahóls en skógarfururnar við Ammannsklauf. Gerð var tilraun með gróðursetningu á rauðgreni í ágúst. Voru gróðursettar 1000 plöntur í Vaglaskógi 16. og 17. ágúst, 1000 plöntur í Fossselskógi 14. ágúst, 1000 plöntur í Sigríðarstaðaskógi 22. og. 23. ágúst og 500 plöntur að Fjalli í Aðaldal. Sá Skógræktarfélag Suður-Þingeyinga kostaði gróðursetninguna, nema í Vaglaskógi. Allar plönturnar voru settar að lóðréttum vegg, nema rauðgrenið í reit 509, sem var mest allt sett með flatrótar aðferðinni. Kostnaður við gróðursetninguna varð 79 aurar á plöntu. Klipptur var birki nýgræðingur frá skógarfurunum í Sigríðarstaðaskógi og Þórðarstaðaskógi, ennfremur frá barrplöntum í Vaglaskógi í reitum nr. 206, 212, 306, 402, 406, 407 og 408.

BYGGINGAR OG VIÐHALD FASTEIGNA:

Engar nýjar byggingar. Lagfært var húsið á Furuvöllum. Skilrúm öll rifin burt, síðan klætt innan með valborðum. Sett upp eldhúsborð, skápur og dúkur á gólf. Var það flutt úr Brúarlundi, þar sem þess voru eigi not. Málað.- Settir voru upp 3 viðarofnar í Brúarlundi. Voru tekin skilrúm úr herbergjum, þar eru nú þrjú góð herbergi sem rúma fjóra hvert.

V
VEGAGERÐ:

Jarðýta skógræktarinnar vann 58 stundir að vegagerð. Ruddur var 230 m. nýr vegur, meðfram Merkjagróf, frá efravegi. Þá var jafnaður vetrarvegur, frá túninu á Vöglum, ofan girðingarinnar, norður í hlíðið á mörkum gömlu og nýju girðingarinnar og niður melana. Einnig lagfærð leiðin frá Vöglum og suður að gömlu beitarhúsunum og áfram niður á efriveg í norðvestur horni reits 509.- Vegagerð ríkisins, veitti kr. 4000.00 til mölburðar í skóginum. Var mölborinn nýi kaflinn með Merkjagróf og svo á þá staði þar sem þörfin var mest.

FERÐALÖG OG LEIÐBEININGAR:

Sat fund með skógræktarstjóra og skógarvörðum 13.- 19. marz og aðalfund Skógræktarfélags Íslands í Mývatnssveit.- Í ágúst og september ferðaðist ég um Svalbarðsströnd, Höfðahverfi, Köldukinn, Bárðardal, Reykjahverfi og í girðinu skógræktarfélags Húsavíkur. Skoðaði ég girðingarnar og leiðbeindi um plöntuval. Þá fór ég í kynnisför austur að Hallormsstað 1. -3. september. Í desember sýndi ég kvikmyndir í Aðaldal, Reykjahverfi, Laugaskóla og að Skógum. Auk þessa venjulegar ferðir vegna eftirlits og viðskifta.

MÆLINGAR OG ATHUGANIR:

Snorri Sigurðsson, skógfræðingur, dvaldist hér í júlí og ágúst við viðarmælingar. Skyldi mæla viðarmagn og vöxt. Var því verki eigi að fullu lokið.

ÝMISLEGT:

Jarðýta skógræktarinnar var flutt austur að Hallormsstað.-- Þá eru hér loks nokkur örnefni, sem ekki eru nefnd á kortinu yfir Vaglaskóg. - Norður frá bænum kallast Hóll, neðan við hann er Undirvöllur. Þá nefnist Grund suður og upp frá gamla túninu. Suður og niður frá bænum eru Brandhústóptir. Þar voru hús áður fyrr og kölluðust Brandhús. Engið er ofan við Vaglaskóg, nefnist nokkur hluti þess Húsastykki, en þar ofan við Efriengjar. Sunnan við gróðrarstöðina er bústaður símamanna ( í reit 3o8.). Heitir þar Litla-Botnlág. Skammt fyrir norðan gróðrarstöðina eru Blómsturvellir, talið gamalt eyðibýli ( í reit 21o). Nú er þar græðireitur. Rétt sunnan við Fnjóskárbrú eru þeir klettar meðfram ánni er Vothamrar heita. Vothamramór heitir móinn sunnan við Brúarlund.

Vöglum 23/1 1957.